

75

30. des.

AUGLÝSING

um fullgildingu alþjóðapóstsamninga.

Hinn 21. október 1958 undirritaði forseti Íslands fullgildingarskjal varðandi alþjóðapóstsamninga þá, sem undirritaðir voru fyrir Íslands hönd í Ottawa 3. október 1958. Samningarnir, sem pósthjórinn hefur gefið út í islenzkri þýðingu, eru þessir:

1. a. Alþjóðapóstsamningur.
b. Lokabókun alþjóðapóstsamningsins.
c. Viðbætur A og B við alþjóðapóstsamninginn, samkomulag milli Hinna sameinuðu þjóða og Alþjóðapóstbandsins.
d. Starfsreglugerð alþjóðapóstsamningsins.
e. Ákvæði um flugpóst.
f. Lokabókun ákvæðanna um flugpóst.
2. a. Samningur um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
b. Lokabókun samningsins.
c. Starfsreglugerð samningsins um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
3. a. Samningur um pósthöggla.
b. Lokabókun samningsins.
c. Starfsreglugerð pósthögglasamningsins.
d. Lokabókun reglugerðarinnar.
4. a. Samningur um póstaðvísanir og ferðapóstaðvísanir.
b. Starfsreglugerð póstaðvísanasamningsins.
5. a. Samningur um póströfusendingar.
b. Starfsreglugerð póströfusamningsins.
6. a. Samningur um pósthéimtusamninginn.
b. Starfsreglugerð pósthéimtusamningsins.

Fullgildingarskjal Íslands var skrásett í kanadíska utanríkisráðuneytinu hinn 27. nóvember 1958 og ganga téðir samningar í gildi hinn 1. apríl 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. desember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.